



Atvinnuleysi hefur minnkað hraðar en reiknað var með

Samkvæmt tölum Vinnumálastofnunar var skráð atvinnuleysi í júní 3,3% af áætluðum fjölda fólks á vinnumarkaði og minnkaði úr 3,9% frá því í maí. Alls voru 6.675 á atvinnuleysskrá í lok júní.

Skráð atvinnuleysi náði hámarki í maí 2021 þegar það var 11,6% og hefur því minnkað um 8,3 prósentustig síðan.

Vinnumálastofnun spáir því að atvinnuleysi muni verða svipað í júlí og var í júní, rúmlega 3%. Atvinnuleysi í einstökum mánuði hefur ekki verið minna síðan í mars 2019 og atvinnuleysisstigið er nú orðið lægra en það var áður en faraldurinn skall á.


Ótrúlega hröð þróun niður á við

Í síðustu þjóðhagsspá Hagfræðideildar gerðum við ráð fyrir að meðalatvinnuleysi á árinu 2022 yrði 4,5% sem er sama spá og Seðlabankinn birti í *Peningamálum* í maí. Verði atvinnuleysi óbreytt það sem eftir lifir ársins 2022 verður meðalatvinnuleysi ársins hins vegar 3,9%. Þess er kannski ekki að vænta að atvinnuleysi minnki verulega úr þessu, en það eru heldur ekki mikil teikn um að það aukist mikið. Það eru því töluverðar líkur á því að meðalatvinnuleysi ársins verði í kringum 4% sem er talsvert minna en spáð hafði verið. Atvinnuleysi hefur þannig minnkað álíka hratt eða hraðar en það jókst í upphafi ársins 2020. Atvinnuleysið hefur einnig minnkað mun hraðar en reyndin var eftir fjármálakreppuna þegar það lækkaði lítillega á milli ára í nokkur ár.

Atvinnuleysi ennþá mest á Suðurnesjum


Atvinnuleysi minnkaði alls staðar á landinu milli mánaða, mest um 0,8 prósentustig á Suðurnesjum og Norðurlandi eystra. Minnst minnkaði atvinnuleysi á Norðurlandi vestra, um 0,3 prósentustig.

Skráð atvinnuleysi



Heimild: Vinnumálastofnun

Skráð atvinnuleysi, ársmeðaltöl



Heimild: Vinnumálastofnun, 2022 er spá Hagfræðideildar



Atvinnuleysi er áfram langmest á Suðurnesjum, 5,8%, en hefur ekki verið minna síðan í mars 2019. Hæst fór atvinnuleysið þar í 24,5% í júní 2021. Atvinnuleysi á Vesturlandi, Vestfjörðum og Norðurlandi vestra er alls staðar undir 2% af áætluðum fjölda fólks á vinnumarkaði og fer tæplega neðar en það er nú.


Óvissa, en samt ástæða til bjartsýni

Tíðindin af þróun atvinnuleysis eru því mjög jákvæð og betri en hafði verið reiknað með. Mikil notkun ráðningarstyrkja hefur skipt miklu í baráttunni við atvinnuleysið. Ráðningarsambönd á grundvelli þessara styrkja hafa greinilega haldið nokkuð vel eins og reynsla fyrri ára hefur reyndar sýnt líka.

Fjölgun ferðamanna hingað til lands hefur verið umtalsverð á síðustu mánuðum og skiptir miklu máli fyrir atvinnustigið. Erfiðlega hefur gengið að manna störf í ferðaþjónustu og hefur þurft að leita til annarra landa í þeim efnum.

Óvissan er enn töluverð, aðallega vegna stríðsátaka og stöðunnar í heimshagkerfinu, með mikilli verðbólgu, og hækkandi verðbólguvæntinga bæði heimila og fyrirtækja. Þá eru víða uppi kröfur um launahækkanir sem gæti verið velt út í verðlag ef launakostnaður eykst mikið. Eftir sem áður mun staða ferðaþjónustunnar skipta miklu fyrir stöðu vinnumarkaðar hér innanlands.

Almennt atvinnuleysi í maí og júní 2022



Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsfólki Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsfólks Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.